



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 2/2024 (nr. 103)

Dagsetning: 15. febrúar 2024, Kl. 15:00 – 16:00

Staðsetning: TEAMS

Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfolk: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Sveinn Margeirsson (SM), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Anna Guðrún Edvardsdóttir (AGE) sem varamaður Laufeyjar Haraldsdóttur, Berglind Viktorsdóttir (BV) sem varamaður Einars K. Guðfinnssonar. Róbert Smári Gunnarsson (RSG) boðaði forföll og Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP) mætti ekki. GJS ritar fundargerð.

Dagskrá 2. fundar 2024:

1. Dagskrá fundar nr. 103 *Til samþykktar*
2. Fundargerð fundar nr. 102 *Til samþykktar*
3. Húsnæðismál Háskólans á Hólum
 - a. Staðan - *Til upplýsinga*
4. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands - *Til upplýsinga*
5. Kynning á samstarfsverkefni um Sjálfbæra byggðapróun - *Til upplýsinga*
6. Önnur mál *Til upplýsingar*

Afgreiðslur:

1. Dagskrá fundar 103, nr. 2/2024
2. Fundargerð fundar 102, nr. 1/2024
 - a. Liðir 1 og 2 voru samþykktir.
3. Hólmfríður greinir frá stöðunni í húsnæðismálum á Hólum og Sauðárkróki.
 - a. Unnið er að því í samstarfi við HVIN ráðuneytið að koma fasteignum sem skólinn á og hefur umsjón með en þarf ekki á að halda í farveg. Meðal annars skoðað hvort fasteignirnar verði seldar.
 - b. Samstarf við HVIN ráðuneytið að þoka málum varðandi nýbyggingar áfram á Sauðárkróki og á Hólum. Lögð áhersla á að nýbyggingin fyrir Fiskalífrræði-og Fiskeldisdeild á Sauðárkróki (1.fasi) verði komin í gagnid í haust.
 - c. Samstarf við HVIN ráðuneytið um að koma staðarhaldi á Hólum í farveg. Staðan er þannig að umsjón með staðarhaldi á Hólum er í lausu lofti eins og er, eftir að uppfærðar starfsreglur Háskólans á Hólum voru samþykktar á fundi Háskólaráðs í desember 2023, en þar var tekin út grein nr. 15 er varðaði að staðarhald á Hólum heyrði undir rektor.

Rektor ásamt vígslubiskupi Hólastiftis fundaði með nokkrum þingmönnum í gær og kynnti þeim skýrsluna „Hólar í Hjaltadal, endurreisn þjóðmenningarstaðar“. Þessi skýrsla var unnin af Örnun Björg Bjarnadóttur ásamt stýrihópi, fyrir Hólastað með stuðningi frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Þingmenn munu taka málið áfram til



Forsætisráðuneytisins. HVIN ráðuneytið er að taka saman minnisblað um staðarhald á Hólum fyrir ráðherra háskólamála.

4. Háskólaráð HÍ samþykkti að fara í að mynda háskólasamstæðu HH og HÍ. Þá hafa háskólaráð beggja skóla samþykkt að vinna að myndun háskólasamstæðu HH og HÍ.

Fjögur verkefni fengu styrk úr Samstarfi háskóla við síðustu úthlutun, til að styðja við myndun Háskólasamstæðu HÍ og HH. Verkefnin voru:

- Háskólasamstæða HÍ og HH, 200 milljónir.
- Vettvangsakademía á Hofsstöðum í Mývatnssveit, 31,9 milljónir.
- Ferðamálanám til framtíðar, 30 milljónir.
- Þverfaglegt nám í sjálfbærri byggðafræði, rúmar 29 milljónir

Hólmfríður gerir stuttlega grein fyrir þessum verkefnum og nefnir að Ferðamáladeildin hafi komið sérlega vel út úr úthlutuninni í þetta sinn. Hólmfríður segir að þverfaglegt nám í sjálfbærri byggðafræði verði að líkindum fjórða fagsviðið innan HH.

5. Kynning á samstarfsverkefni um Sjálfbæra byggðaþróun - *Til upplýsinga*

Anna Guðrún Edvardsdóttir segir frá verkefninu um „þverfaglegt nám í sjálfbærri byggðafræði“. Verkefninu er ætlað að byggja upp þverfaglegt 2 ára rannsóknánám á meistarastigi í sjálfbærri byggðafræði á grundvelli þeirrar sérþekkingar sem er til staðar við Háskólann á Hólum og innan margra fræðasviða og stofnana Háskóla Íslands. Verkefnið mun efla innra starf háskólanna, styðja við myndun háskólasamstæðu og efla samstarf þeirra við Byggðastofnun og rannsókn- og þekkingasetur um land allt. Stefnt er að því að meistaranám í sjálfbærri byggðafræði hefjist haustið 2025.

6. Önnur mál.

Töluverð umræða skapaðist um staðarhaldið á Hólum, og framtíð Hólustaðar sem viðkomustaðar fyrir ferðamenn. Til dæmis kom fram að árið 2026 verður haldið Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal og þá má búast við að 12-15 þús manns sækir staðinn heim. Það er mikilvægt að skilin séu ljós á milli háskólastarfsins og staðarhaldsins á Hólum í Hjaltadal, og ljóst þarf að vera á hvers höndum umsjón með staðarhaldinu er og hvað heyrir undir það.

Fundið slitið kl. 16.